



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021

2104040SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til l. um breytingu á lögum um farþega- og farmflutninga, 690. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþega- og farmflutninga á landi nr. 28/2017 (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag), 690. mál.

Frumvarpið felur í sér tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Annars vegar hvað varðar skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum og hins vegar hvað varðar skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds.

Afstaða sambandsins

Sambandið gerir ekki athugasemdir við að lögfest verði ákvæði er skýra tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum. Hvað varðar svokallað vanræksluálag þá hefur, eins og sambandið benti á í [umsögn um áform um br. á l. um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, mál S-140/2020](#), lengi staðið til að setja slík lagaákvæði og hefði verið mjög eðlilegt að ákvæði þess efnis hefði verið hluti af frumvarpi sem varð að lögum nr. 28/2017.

Eins og fram kemur í framangreindri umsögn lýsti Samband Íslenskra sveitarfélaga megnri óánægju með það lagafrumvarp sem lagt var fyrir Alþingi og varð að lögum 28/2017 enda er þessi lagaumgjörð mjög fjarri því sem sveitarfélögin hafa kallað eftir. Þegar á árinu 2012, þegar vinna við frumvarpsgerð hófst, var sett fram sú ósk af hálfu sambandsins að sett yrðu sérstök lög um almenningssamgöngur. Ekki var orðið við þeirri ósk og lagði ráðuneytið þess í stað áherslu á að sett yrðu heildarlög um alla fólksflutninga á landi, svo sem almenningssamgöngur á vegum sveitarfélaga, akstur hópþingreiða, leigubifreiða o.s.frv. Ljóst var frá upphafi að viðfangsefnið yrði flókið og þegar upp var staðið reyndist ekki vera vilji til þess á Alþingi að afgreiða heildarlögin, aðallega vegna andstöðu frá leigubifreiðastjórum. Þess í stað lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fram nýtt frumvarp um innleiðingu tiltekinna EES-gerða sem Ísland var orðið of seint að innleiða. Inn í það frumvarp voru tekin nauðsynlegustu ákvæði um almenningssamgöngur en ýmsum atriðum var hins vegar sleppt.

Í [fyrra nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefnd](#) Alþingis við lög nr. 28/2017 segir:

“Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram ábendingar, m.a. frá Strætó bs. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, svo og frá landshlutasamtökum, um að nauðsynlegt væri að sett yrðu sérstök lög um almenningssamgöngur. Nefndin tekur að hluta til undir þau sjónarmið og telur að á næstu árum, í tengslum við framþróun almenningssamgangna, sé æskilegt að mótuð verði sérstök lagaumgjörð um almenningssamgöngur sem þjóna mikilvægu þjóðhagslegu og umhverfislegu hlutverki. Nefndin hefur orðið þess áskynja að lagaumhverfið um almenningssamgöngur, leigubifreiðaakstur og hópferðaakstur í tengslum við ferðapjónustu er flókið og torvelt fyrir aðila á markaðnum að rata um. Beinir nefndin því til ráðuneytisins að í framhaldi af samþykkt þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar fari fram heildarendurskoðun á lagaumhverfi farþegaflutninga á Íslandi með einföldun að leiðarljósi.”

Í [síðara nefndaráliti](#) kveður nefndin enn fastar að orði en þar segir:

“Í fyrra nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar um þetta mál var þess getið að nefndin tæki að hluta til undir framkomin sjónarmið um að þörf væri á sérstakri löggjöf um almenningssamgöngur. Í kjölfar 2. umræðu sér nefndin ástæðu til að ítreka þá afstöðu sína að þörf sé á slíkri löggjöf. Beinir nefndin því til ráðherra að skipa við fyrsta tækifæri starfshóp sem vinni tillögur að breyttu lagaumhverfi í þessa veru. Við vinnuna verði lögð áhersla á að löggjöf um almenningssamgöngur endurspegli mikilvægi þeirra fyrir samfélagið í heild, ekki síst í ljósi velferðar- og umhverfissjónarmiða. Jafnframt verði lögð áhersla á að löggjöfin tryggji rekstrargrundvöll fyrir almenningssamgöngur að svo miklu leyti sem frekast er unnt. Ráðherra upplýsi Alþingi um skipan starfshópsins og um stöðu vinnunnar á haustþingi 2017.”

Sambandinu er ekki kunnugt um að nein vinna hafi farið fram til þess að bregðast við vilja Alþingis um skipan starfshóps og endurskoðun löggjafar. Í skýringum við fyrirbyggjandi frumvarp segir m.a. í kafla um samráð, þar sem fjallað er um umsagnir sem bárust við frumvarpið í samráðsgátt:


„Þá lýsti sambandið yfir óánægju með frumvarpið sem varð að lögum nr. [28/2017](#) auk þess sem fram kom að sambandið gerði kröfu um að vinna hefjist við gerð sérstakra laga um almenningssamgöngur. Ekki voru talin tilefni til að bregðast við umsögninni að sinni.“

Að mati sambandsins er fullt tilefni til þess að gera kröfu um að nú þegar verði hafin vinna við gerð sérstakra laga um almenningssamgöngur enda er það skýr vilji Alþingis sem hefur legið fyrir frá árinu 2017. Úrbætur í þessum efnum verða m.a. að teljast nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu sem fram undan er í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis gangi á eftir því við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að fyrrgreindur starfshópur um sérstaka löggjöf á sviði almenningsamgangna verði skipaður án tafar og að sambandið verði frá upphafi þátttakandi í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri